

21. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 23. júní 1932 um byggingarsamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lán þessi ábyrgist rikissjóður. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánunum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burtu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við byrjun á framkvæmdum eftir lögum um byggingarsamvinnufélög frá síðasta Alþingi hefir þótt koma í ljós, að nauðsyn sé á að þeim atriðum verði breytt, sem um getur í frumvarpi þessu. Um einstakar greinar skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Það þykir rétt að atvinnumálaráðuneytið fái samþykktir byggingarsamvinnufélaga til yfirlits og breytinga eftir því, sem því kann að þykja ástæða til og að þær séu síðan staðfestar af ráðuneytinu áður en félagið geti tekið til starfa.

Um 2. gr.

Það þykir hentugra fyrir félögin að geta sjálf ráðið því hve hátt gjald þau taka af félagsmönnum til þess að standast reksturskostnað, því að með því móti geti þau sniðið gjald þetta eftir þörfum sínum.

Um 3. gr.

Í lögum um byggingarsamvinnufélög er gert ráð fyrir því, að í félögunum séu bæði þeir, sem fengið hafa íbúð fyrir tilstilli félagsins, og hinir, sem eru að safna fé til þess að þeir geti fengið hús eða af öðrum ástæðum eigi hafa fengið hús. Af þessu leiðir að það er talið heppilegt að lögin séu þannig, að félagar verði ekki samábyrgir fyrir lánnum félagsins fyrr en þeir fá lán hjá félaginu. Í öðru lagi er talið hentugra að félögunum sé skipt í ábyrgðarflokka. Er það talið munu styðja að því að tryggja áframhaldandi störf félaganna. Að öðrum kosti telja menn hætt við því, að þeir félagsmenn, sem fengið hafa lán hjá félaginu, kynnu að verða tregari til framhaldsstarfsemi í félaginu.

Um 4. gr.

Eigi þykir nauðsyn á því að í lögum sé takmarkaður herbergjafjöldi, þar sem slík fyrirmæli um innra fyrirkomulag húsanna geta stundum verið óhentug. Mun mega telja að samþykki atvinnumálaráðuneytisins á gerð og stærð húsanna sé nægileg trygging fyrir því, að íbúðir verði hæfilegar, meðalíbúðir að stærð, svo sem til hefir verið ætlað.